

# Fundargerð

## Fundur vegna uppbyggingar í Ásgarði og friðlýsingar Kerlingarfjalla

haldinn þann 29. maí 2019, kl.10:00-12:00.

### Fundarmenn:

Frá Hrunamannahrepp: Jón Valgeirsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Jón Bjarnason, Rúnar Guðmundsson.

Frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp: Kristófer Tómasson.

Frá Fannborg: Páll Gíslason.

Frá Umhverfisstofnun: Kristín Linda Árnadóttir, Hákon Ásgeirsson, Hildur Vésteinsdóttir.

### Markmið fundar

Að fara yfir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum uppbyggingar í Ásgarði og ákveða næstu skref varðandi undirbúning að friðlýsingu Kerlingarfjalla.

### Fundarefni

Í upphafi fundar sagði Páll frá stöðu mála hjá Fannborg. Umhverfismati á framkvæmdum í Ásgarði er lokið og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Gefið var grænt ljós á valkosti 1 og 2, en í álitinu er lagst gegn frekari uppbyggingu en sem nemur kosti 2. Í gildi er byggingarleyfi fyrir áfanga 1, en Fannborg hyggst sækja um leyfi fyrir framkvæmdum í samræmi við kosti 2 og 3 á grundvelli þess að álit Skipulagsstofnunar sé ekki marktækt og með fyrirvara um hönnun. Valkostur 1 í mati á umhverfisáhrifum samsvarar hluta áfanga 1, valkostur 2 er samsvarandi áfanga 1, valkostur 3 eru áfangar 2 og 3. Allar þessar útfærslur rúmast innan núverandi deiliskipulags. Valkostur 4 felur í sér umfangsmeiri uppbyggingu heldur en gert er ráð fyrir í því deiliskipulagi sem er nú í gildi.

Páll fór yfir hugmyndir um breytingar á aðkomu að svæðinu, m.a. vegna uppsetningar á spennu í tengslum við rafstreng sem fyrirhugað er að leggja. Páll fór einnig yfir þau verkefni sem unnin hafa verið á vegum Fannborgar, s.s. viðhald og þróun gönguleiða, merkingar, fræðsla, þrif og eftirlit. Í framtíðinni hefur Fannborg áhuga á að nýta skálann Nígeríu sem sleðageymslu og skýli og sagði frá hugmyndum Fannborgar um að endurnýja setlaug í Hveradölum og áhuga á uppbyggingu tveggja nýrra skála, annars vegar í Kisubotnum og hins vegar við Grákoll. Þá velti Páll fyrir sér samþættingu friðlýsingar við leigusamning sem Hrunamannahreppur og Fannborg gerðu með sér um leigu á landinu, en hluti leigunnar er nú greiddur með vinnuframlagi.

### *Uppbygging í Ásgarði í samræmi við mat á umhverfisáhrifum*

Farið hefur fram mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar í Ásgarði. Umhverfisstofnun benti á að mati á umhverfisáhrifum er ætlað að leiða í ljós kosti og galla nokkurra leiða. Skipulagsstofnun gefur út álit, en hafa verður í huga að leyfisútgefandi ber ábyrgð á því að meta það sem fram kemur í matinu og álitinu og ekki er skylda að fara að áliti Skipulagsstofnunar. Sé það ekki gert þarf að rökstyðja það sérstaklega. Umræður um hvernig Fannborg hyggst bregðast við áliti Skipulagsstofnunar, en þar kom fram að ferðamönnum hefur fjölgað mjög og telur Fannborg að fjöldi gistirýma hafi ekki

afgerandi áhrif á fjölda ferðamanna á svæðinu. Áður var pláss fyrir 180 manns í svefnpokaplássi. Ekki er lengur eftirspurn eftir svefnpokaplássi á svæðinu, heldur er fremur eftirspurn eftir gistingu í uppábúnum rúmum og að fólk stoppi gjarnan lengur. Í máli Fannborgar kom fram að þeir eru ekki ákveðnir í að byggja samkvæmt ítrustu hugmyndum, en vilja hafa ramma til að stefna að. Valkostur 3 er í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að aukning á gistirými og breyting á eðli þess geti leitt til breyttrar ferðamennsku á svæðinu og að stofnunin telji að fresta eigi að taka ákvörðun um uppbyggingu í samræmi við kosti 3 og 4. Í því sambandi var bent á að í nýsamþykktu aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem samþykkt var af Skipulagsstofnun eru sett mörk um að ekki skuli vera fleiri gistirými en 300 á svæðinu.

Þá voru jafnframt umræður um afturkræfni framkvæmda á svæðinu. Í leigusamningi um lóð undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum sem Hrunamannahreppur og Fannborg gerðu með sér er umfjöllun um réttarstöðu við lok leigutíma í 10. gr. Þar er m.a. fjallað um innlausnarskyldu nýs leigutaka, sveitarfélags og ríkis og forsendur þeirrar skyldu. Þar er einnig fjallað um að ef lóðin er auglýst til leigu og enginn sækir um, þá bera eigendur hallann af því. Ljúki leigusamningi vegna riftunar leigusala getur leigutaki krafist þess að hann leysi til sín mannvirki á svæðinu. Vilji sveitarfélagsins er að uppbygging sé á svæðinu. Umhverfisstofnun benti á að stofnunin er einnig fylgjandi uppbyggingu á svæðinu, sbr. umsagnir sem stofnunin hefur veitt og fyrirliggjandi tillaga að friðlýsingarskilmálum. Stofnunin benti á að innviðir væru nauðsynlegir til að ferðamenn geti notið svæðisins. Varðandi uppbyggingu var bent á að ekki hefur verið skilgreint sérstaklega hvað er hálendismiðstöð og því nokkuð óljóst hvað er átt við með því hugtaki í þeirri stefnumótun sem fram hefur farið.

### *Uppbygging og tengsl við friðlýsingu*

Í tengslum við friðlýsingu svæðisins hefur Umhverfisstofnun ráðið sérfræðing til starfa til að hafa umsjón m.a. með Kerlingarfjallasvæðinu auk landvarðar. Umræður voru um hvar og hvernig Umhverfisstofnun hyggst byggja upp sína starfsemi. Umhverfisstofnun upplýsti að þeir fjármunir sem stofnunin hefur nú yfir að ráða er fjármagn fyrir aðstöðu fyrir landvörð og rekstur svæðisins. Ekki er til stefnumörkun fyrir gestastofu á svæðinu og slíkt hefur ekki verið fjármagnað. Nefnt var dæmi um gestastofu í Hrauneyjum sem þjónar stóru svæði á hálendinu, en á hverju svæði fyrir sig er síðan aðgengi að landverði en ekki eiginlegar gestastofur. Alveg ljóst er að Umhverfisstofnun þarf að hafa aðstöðu fyrir landvörð í Kerlingarfjöllum, en umræður voru um hvort að landvörður eigi að hafa aðstöðu í sér húsi eða í þeim byggingum sem fyrirhugað er að reisa á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur ekki skilgreint hvernig sú aðstaða skuli vera. Allir fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt er að gott samstarf sé milli Umhverfisstofnunar, sveitarfélags og rekstraraðila á svæðinu.

Sveitarfélagið óskaði eftir því að Umhverfisstofnun leggi fram sína sýn á verði hvernig aðstöðu landvarðar og gestastofu verður háttáð. Umhverfisstofnun er sammála sveitarfélaginu um að hnýta eigi sem flesta lausa enda áður en friðlýsing er samþykkt. Friðlýsingar eru orðnar mun nákvæmari nú en verið hefur, en meta þarf hversu mikla nákvæmni er hægt að hafa. Eðlilegra væri að fjalla um stefnu sem þessa í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Ef á að setja niður nákvæma sýn í friðlýsingarskilmálum þarf að vera búið að tryggja fjármagn sem tekur tíma. Auðveldara er að afla fjármagns fyrir svæði sem eru nú þegar friðlýst.

Varðandi tengsl uppbyggingar og friðlýsingar kom skýrt fram að samkvæmt friðlýsingarskilmálum er ákvörðun varðandi uppbyggingu í samræmi við valkost 3 háð leyfi sveitarfélagsins og er ekki háð leyfi Umhverfisstofnunar. Orðalag friðlýsingarinnar er óskýrt með það, en ákveðið að það yrði skýrt.

*Niðurstaða og næstu skref*

- Stefnt er að því að vísa friðlýsingu til ráðherra í sumar.
- Umhverfisstofnun mun fara yfir drög að friðlýsingarskilmálum og uppfæra orðalag þar sem þarf og senda Hrunamannahrepp fyrir næsta fund sveitarstjórnar.
- Umhverfisstofnun mun uppfæra kort af svæðinu m.t.t. friðlands í Þjórsárverum.
- Umhverfisstofnun mun senda sveitarfélaginu áætlanir varðandi fjármagn, sýn og þarfir og þá framtíðarsýn sem nú liggur fyrir.

Fundi slitið kl. 12:00